


**HAFNARFJÖRÐUR**

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	13/12 2018
Málsnr:	1809259
Bréfal:	510

**Hulda Rós Rúriksdóttir hrl.**

**Laugavegi 3,**

**101 Reykjavík**

**Hafnarfirði, 13. desember 2018**

1809259 SK

**Efni: Stekkjarberg 11 Hafnarfirði, stærð lóðar L 123192.**

Vísað er til bréfs þíns dags 11. september sl. vegna skráningar á stærð eignarlóðar dánarbús Else Ingeborgar Hansen að Stekkjarbergi 11 Hafnarfirði og fundar okkar 7. nóvember sl.

Eignarheimild umbjóðanda þíns er grundvölluð á afsali frá 12 október 1953 þar sem þáverandi eigandi jarðarinnar Setbergs, Elísabet Reykdal afsalar 3.000 fermetra landi úr jörðinni Setbergi „ umhverfis húseignina Skálaberg“ til Skúla Hansen eiginmanns Else Ingeborgar. Afmörkun landsins er skýr í afsalinu og á uppdrætti sem því fylgdi sem er málsettur og sýnir afdráttarlaust stærð og lögun 3000 fermetra landsspildu. Girðing sem Skúli setti upp umhverfis spilduna síðar þar sem land innan girðingarinnar var meira en 3.000 fermetrar, breytir engu um það að hið afsalaða land var einungis 3.000 fermetrar. Ekkert liggur fyrir annað en að Skúli hafi sjálfur girt landið og þannig tekið sér þennan landauka.

Engin gögn liggja fyrir um að staðið hafi til að þetta afgirta land sem var innan girðingarinnar, en að hluta til utan hinna uppdregnu landamerkja 3.000 fermetra spildunnar, yrði hluti Skálabergs og því sé í besta falli hægt að líta svo á að fyrri eigendur Setbergs hafi heimilað fyrri eiganda Skálabergs að planta trjám á skikanum.



## HAFNARFJÖRÐUR

Eldri skipulagsuppdrættir sem sýna hina afgirtu spildu skipta engu máli um eignarrétt að spildunni enda ekki hlutverk skipulags að kveða á um merki milli eignarlanda. Sveitarfélagið fer með skipulagsvald innan sinna stjórnsýslumarka burtséð frá því hver er eigandi landsins og er þar í öðru hlutverki en sem landeigandi. Engin viðurkenning á eignarrétti dánarbúsins að meintum landauka getur falist í því að lóð Stekkjarbergs 11 hafi á einhverjum tíma verið teiknuð stærri en hún átti að vera samkvæmt afsali.

Loks er bent á að í fasteignaskrá er lóðin sögð 3.000 fermetrar og ekki er annað að sjá en fasteignagjöld hafi verið greidd af þeirri landsstærð.

Virðingarfyllt

Sigríður Kristinsdóttir

bæjarlögmaður og sviðsstjóri stjórnsýslusviðs